



SIÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa og stjórnenda hjá Svalbarðsstrandarhreppi

1. gr.

Markmið

Markmið þessara regla er að skilgreina það háttarni og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar og stjórnendur sýni af sér við störf sín fyrir hönd Svalbarðsstrandarhrepps. Með kjörnum fulltrúum er átt við sveitarstjórnarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum hjá Svalbarðsstrandarhreppi.

2. gr.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar og stjórnendur koma fram af háttvísi.

Kjörnir fulltrúar og stjórnendur skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Svalbarðsstrandarhrepps, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins.

Kjörnir fulltrúar og stjórnendur skulu ávallt hafa í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnarsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Svalbarðsstrandarhrepps.

Kjörnum fulltrúum og stjórnendum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé sveitarfélagsins.

Kjörnum fulltrúum og stjórnendum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar og tilgreina þá þætti sem ákvarðanir þeirra eru byggðar á. Þeir skulu bera ábyrgð gagnvart íbúum í heild sinni og svara fyrirspurnum almennings um framkvæmd þeirra starfa sem þeir bera ábyrgð á sem kjörnir fulltrúar eða stjórnendur.

3. gr.

Valdmörk

Kjörnir fulltrúar og stjórnendur skulu gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Svalbarðsstrandarhrepps. Þeir skulu sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Svalbarðsstrandarhrepps virðingu.

4. gr.

Hagsmunaárekstrar

Kjörnum fulltrúum og stjórnendum er óheimilt að nýta sér stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Svalbarðsstrandarhrepp lýkur.

Kjörnir fulltrúar og stjórnendur skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

5. gr.

Trúnaður

Í störfum sínum í nefndum og ráðum fá kjörnir fulltrúar oft vitneskju sem leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almenningshagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Um slíka vitneskju ber kjörnum fulltrúum að gæta þagmælsku og trúnaðar. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Svalbarðsstrandarhrepps, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um.



6. gr.

Ábyrgð í fjármálum.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.

7. gr.

Stöðuveitingar

Kjörnum fulltrúum ber að gæta þess að við stöðuveitingar hjá Svalbarðsstrandarhreppi sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á starfsmönnum og gæta þess, hverju sinni þegar þeir koma að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið

8. gr.

Bann við að tryggja sér stöður.

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum ekki leita eftir starfslegum ávinningi í framtíðinni, beint eða óbeint, til dæmis með því að ívilna fyrirtæki eða stofnun sem þeir hafa eftirlit með eða hafa stofnað til samningssambands við fyrir hönd sveitarfélagsins.

9. gr.

Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa og almennings

Kjörnum fulltrúum ber að tileinka sér þessar siðareglur og lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir til að hafa þessar siðareglur að leiðarljósi og staðfesti þann vilja með undirskrift sinni í upphafi hvers kjörtímabils. Þær skulu ávallt vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 13. maí 2014, og aftur á fundi nýrrar sveitarstjórnar 16. Júní 2014. Endurskoðað og samþykkt á fundi nýrrar sveitarstjórnar 17.07.2018.